

Breytingartillögur á 19. gr. samþykktu Búfestis hsf. – Sent með aðalfundarboði fyrir aðalfund 2025

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á greininni:

- 1) Lagt er til að varamönnum verði fækkað úr 5 í 3. Til einföldunar er lagt til að varamenn verði 3 þar sem stjórn er ályktunarbær með 3 stjórnarmönnum. Þó öll aðalstjórn forfallist er stjórn samt sem áður ályktunarbær ef 3 varamenn mæta. Venja er að allir aðal- og varamenn sitji stjórnarfundum og séu þá jafnan inni í málum eins og aðalmenn. Því er ekki þörf á 5 varamönnum.
- 2) Lagt er til að framboðsfrestur til stjórnar verði ákveðinn tvær vikur fyrir aðalfund. Það er gert svo að félaginu sé unnt að kanna hvort frambjóðendur eru kjörgengir og til þess að unnt sé að kynna framboð með aðalfundarboði. Með þessu verði stjórnarkjör markvissara og félagsmenn betur upplýstir um framboðin. Jafnframt ætti frambjóðendum að gefast með þessu betri kostur á að kynna sig. Aðalfund skal boða með minnst 7 daga fyrirvara fyrir lok júní ár hvert og til þess að félagsmönnum verði unnt að tilkynna um framboð með 14 daga fyrirvara fyrir aðalfund er lagt til að stjórn auglýsi eftir framboðum tímanlega fyrir aðalfund, eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund, svo framboð geti borist með þessum 14 daga fyrirvara fyrir aðalfundinn. Stjórn myndi þá alltaf auglýsa eftir framboðunum eigi síðar en þrem vikum fyrir aðalfund og væntanlegir frambjóðendur hefðu þá alltaf að lágmarki viku til að tilkynna um framboð sitt, tveim vikum fyrir aðalfund. Með þessu er tryggður lágmarksfrestur fyrir þá sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnar.

19. gr.

Aðalfund félagsins skal halda ár hvert fyrir lok júní. Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar til afgangslu.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
4. Kosning formanns til tveggja ára (annað hvort ár).
5. Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.
6. Kosning 3 varamanna í stjórn til eins árs.
7. Kosning endurskoðunarfélags/löggilts endurskoðanda
8. Kosning í aðrar nefndir og ráð.

9. Ákvörðun um inntökugjald og árlegt félagsgjald.
10. Ákvörðun um gjaldtöku til viðhalds eigna/viðhaldssjóðs.
11. Kynning á leigulíkani, rekstraráætlunum og gjaldskrá félagsins
12. Önnur mál.

Aðalfundurinn fer með æðsta vald í málefnum félagsins og getur einn breytt samþykktum þess.

Aðalfundur er lögmætur ef hann hefur verið boðaður samkvæmt samþykktum félagsins. Aðalfundur og alla almenna félagsfundi skal boða með tilgreindri dagskrá í almennri auglýsingu sem jafnframt er birt á heimasíðu félagsins eða á annan fullnægjandi hátt minnst sjö dögum fyrir tilgreinda fundartíma.

Allir félagsmenn á félagaskrá hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins. Heimilt er að veita ófélagsbundnum einstaklingum seturétt og málfrelsi á almennum félagsfundi – enda liggi rökstuddar ástæður til grundvallar.

Kjörgengi til starfa í stjórnnum og nefndum fyrir félagið hafa allir félagsmenn, enda séu þeir lögráða og hafi ekki hlotið refsingu sem útilokar þá frá störfum að stjórnun félaga og fyrirtækja. Framboð til stjórnar félagsins skal tilkynna félaginu tímanlega og eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund svo unnt sé að kanna kjörgengi og kynna framboð með aðalfundarboði. Stjórn skal auglýsa tímanlega eftir framboðum og eigi síðar en tveim vikum áður en aðalfundur er boðaður.

Endurskoðendafélag/endurskoðandi skal valinn úr hópi löggiltra endurskoðenda og skal vera óháður félaginu.

Hafi verið nýtt heimild 8. gr. þessara samþykktu til formbundins samstarfs við sveitarfélög og/eða velvildarfjárfesta/fyrirtæki um byggingu og fjármögnun íbúða skulu tilnefndir fulltrúar samstarfsaðila einnig kjörgengir til stjórnarstarfa og nefndarstarfa í umboði félagsins. Félagsmenn skulu þó ávallt skipa meirihluta stjórnar félagsins – og sama skal jafnaðarlega gilda um nefndir og ráð á vegum félagsins nema sérstök frávik hafi verið gerð með samkomulagi aðila þar að lútandi.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, sem kjörnir skulu til tveggja ára í senn, auk þriggja varamanna sem kjörnir skulu til eins árs. Formaður er kjörinn beinni kosningu á aðalfundi. Stjórn kýs varaformann á fyrsta fundi eftir aðalfund. Verði

varamenn sjálfkjörnir og ekki boðnir fram í tiltekinni röð, ræður hlutkesti um röð þeirra.

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda í samræmi við samþykktir þessar.

Á aðalfundi skal stjórn kynna stefnumótun sína og framtíðarsýn og árétta jafnframt allar gildandi vinnureglur og skilmála sem um starfsemi félagsins gilda og staðfestar eru af stjórn.

Sérstaklega ber stjórn að gera grein fyrir ákvörðunum sínum varðandi búsetugjald/mánaðargjalds og þann grundvöll rekstraráætlana sem unnið er með hverju sinni.